



Reykjavík, 4. september 2019  
RMF19080005  
0.12

## Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

### *Svar við fyrirspurn um barnamenningu og styrkjasamninga*

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs þ. 27. maí sl. lögðu fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir samantekt á þeim styrkjasamningum sem nú eru í gildi og snúa að barnamenningu í borginni, þ.e. menningarstarfssemi sem er sérstaklega ætluð börnun og menningarstarf sem er unnið með og að frumkvæði barna. Sérstaklega er óskað eftir yfirliti yfir þá samninga sem snúa að stórum menningarstofunum, s.s. Borgarleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir það barnastarf sem stendur til boða á menningarstofunum borgarinnar. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir þá húsnæðisaðstöðu sem stendur skipuleggjendum barnamenningarstarfs til boða í borginni ásamt þeim styrkjum sem veittir eru til húsnæðis undir barnamenningartengda starfssemi.

Hjálagt er svar við fyrirspurninni.

Sif Gunnarsdóttir  
skrifstofustjóri menningarmála

Hjálagt:  
Svar við fyrirspurn um barnamenningu og styrkjasamninga dags. 4.9.2019

## Styrkjasamningar og barnamenning

Fyrirspurn Viðreisnar, Samfylkingar og Vinstri grænna á fundi menningar,- íþróttu og tómstundaráðs.

1. Óskað er eftir samantekt á þeim styrkjasamningum sem nú eru í gildi og snúa að barnamenningu í borginni , þ.e menningarstarfssemi sem er sérstaklega ætluð börnun og menningarstarf sem er unnið með og að frumkvæði barna. Sérstaklega er óskað eftir yfirliti yfir þá samninga sem snúa að stórum menningarstofunum s.s Borgarleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Samningar við stærstu menningarstofnanirnar

**Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi**

Gildistími samnings 2019 – 2021 Upphæð samtals:

Í samningi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar kemur eftirfarandi fram að eitt markmið stuðningsins sé að „listuppeldi barna og ungmenna sé sinnt sérstaklega“.

LR í Borgarleikhúsini vinnur við að ná þessu markmiði á margvíslegan hátt: Undanfarin fimm leikár hefur Borgarleikhúsið boðið öllum nemendum 5. bekkjar í grunnskólum Reykjavíkur að verja skemmtilegum morgni í Borgarleikhúsini, þar sem tækifæri gefst til að skoða leikhúsið og sjá leiksýningu. Sú sýning sem boðið verður upp á í ár er Hamlet litli, en hún var samin sérstaklega fyrir þetta tilefni og hlaut Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins 2014. Þá er öllum elstu börnum í leikskólum Reykjavíkur boðið að kynnast leikhúsini og töfrum þess með bráðfjörugri sýningu sem er samin sérstaklega fyrir þau undir yfirskriftinni Leikskólasýning ársins. Nemendum hjá Leiklistarskóla verður fjölgæð í haust sökum mikillar eftirspurnar og verður boðið upp á inntökupróf fyrir two nýja hópa. Í skólanum verða því um 50 nemendur á næsta leikári. Öllum börnum á aldrinum 9-13 ára er velkomið að spreyyta sig. Einnig má nefna að LR setur verður með þrjú verk á fjölunum í veturn sem höfða til barna; Matthildur, Gosi og Jólaflækja

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Árleg upphæð:

Enginn fyrirriggjandi samningur, en í lögum um SÍ: 1982 nr. 36 7. maí kemur eftirfarandi fram:

*Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m.a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast.*

*Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila aðra sem að skyldum markmiðum vinna, einkum aðra íslenska flyttjendur tónlistar, einstaklinga, hópa og stofnanir.*

*Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.*

Sí standur fyrir margvíslegu barnastarfi s.s. hverfatónleikum fyrir leikskóla og grunnskóla þar sem SÍ fer úr Hörpu og sækir áheyrendur heim úti í hverfum, skólatónleikum í Hörpu svo og ýmsum tónleikum á starfsárinu sem sérstaklega höfða til yngstu áheyrendanna en þeir bera yfirskriftina Litli tónsprotinn. Þá má líka nefna Ungsveit SÍ hefur starfað í 10 ár Eitt mikilvægasta hlutverk sinfóníuhljómsveita um allan heim er að miðla þekkingu sinni og áhuga til nýrra kynslóða

hljóðfæraleikara. Ungsveitin hefur vakið verðskuldaða athygli en sveitin hlaut viðurkenningu íslensku tónlistarverðlaunanna sem Bjartasta vonin árið 2016.

### **Harpa**

Gildistími samnings: Árleg upphæð:

Í samningi Hörpu við ríki og borg er engin barnamenningaráhersla. Harpa hefur þó frá opnum hússins verið vettvangur opnunar barnamenningarháttíðar og boðið upp á fleiri barn- og fjölskylduvæna viðburði. Og sérstaklega má fagna því að í haust hefst sú nýjung í Hörpu að bjóða upp á fjölskylduviðburði af ýmsum toga hverja einstu helgi í veturn.

### **Smærri samningar**

#### **Listahátíð í Reykjavík**

Gildistími samnings 2018 – 2020 Upphæð samtals 108.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu. Hinsvegar er hefð fyrir því að atriði séu á dagskrá Listahátíðar sem höfða til barna og fjölskyldna t.d. má nefna götuleikhúsið Risaeðlurnar á síðustu háttíð, Teppaborgina í Ráðhúsinu og Kindurnar á útisviði Veraldar. Enda stendur í stefnu Listahátíðar 2017-2020: *Tryggja að hver háttíð bjóði upp á úrval viðburða sem henta börnum.*

#### **Tjarnarbíó**

Gildistími samnings 2017 - 2019 Upphæð samtals: 43.500.000 kr.

Eitt af markmiðum Reykjavíkurborgar í að styrkja Tjarnarbíó og fram kemur í samningi er „*að listuppeldi barna og unginga sé sinnt*“. Tjarnarbíó er með fjölbreyttar sýningar fyrir börn og ungmenni, tekur þátt í Barnamenningarháttíð og er vettvangur ASSITEJ sviðslistahátíðarinnar Unga sem haldin er annað hvert ár. Undanfarin ár hefur Tjarnarbíó einnig verið í afar vel heppnuðu samstarfi við Leikhópinn Lottu, sem hefur ekki fyrr en með því samstarfi sýnt vinsæl verk sín utan sumartímans utandyra.

#### **Bíó Paradís**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals: 52.500.000 kr.

Í samningi RVK borgar og BP kemur fram í 3. gr.: „*Bíó Paradís haldi áfram öflugu starfi á vettvangi barnamenningar og fræðslu í kvíkmyndalæsi fyrir grunnskólaborðn í Reykjavík. Þannig bjóði bíóið nemendum á kvíkmyndasýningar á skólatíma, skólum að kostnaðarlausu með það að markmiði að efla kvíkmyndalæsi nemenda, m.a. myndlæsi, myndþroska og áhuga á kvíkmyndasögu*“.

BP hefur sinnt þessu markmiði af kostgæfni og vinna að því að veita börnum og unglungum möguleika á að kynnast kvíkmyndum sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, eru ýmist klassískar perlum frá öllum skeiðum kvíkmyndasögunnar og eru lykilkvíkmyndir sem hafa skapað sér sess innan kvíkmyndasögunnar. Þannig eru sýndar myndir frá Bandaríkjunum, Evrópu, Norðurlöndum, Austurlöndum, Íslandi og öllum heimsins hornum. Á undan hverri sýningu er haldinn fyrirlestur til að auðvelda áhorfendum að greina kvíkmyndina ásamt hugmyndum að ritgerðum og umsögnum barnanna um kvíkmyndirnar. BP heldur enn fremur barnakvíkmyndaháttíð ár hvert í samvinnu við barnamenningarháttíð Reykjavíkurborgar.

#### **Nýlistasafnið**

Gildistími samnings 2018 – 2020 Upphæð samtals: 51.900.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

### **Dansverkstæðið**

Gildistími samnings 2018 – 2020 Upphæð samtals 51.000.000 kr.

Í 4. gr samnings RVK borgar við Dansverkstæðið, sem fjallar um starfsemi og markmið  
Dansverkstæðisins kemur fram að Dansverkstæðið *opni rými sín fyrir þátttöku í borgarhátiðum s.s.*  
*Menningarnótt og Barnamenningarhátið. Jafnframt kynni það danslistina fyrir börnum og fjölskyldum*  
*þeirra með námskeiðum og öðrum viðburðum.*

### **Kling og Bang**

Gildistími samnings 2018 – 2020 Upphæð samtals: 25.500.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu.

### **Harbinger**

Gildistími samnings 2019 – 2020 Upphæð samtals 2.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

### **Múlinn Jazzklúbbur:**

Gildistími samnings 2019 – 2020 Upphæð samtals 3.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

### **ASSITEJ**

Gildistími samnings 2019 – 2020 Upphæð samtals 4.000.000 kr.

ASSITEJ eru alþjóðleg samtök sviðslistafólks sem gerir leikhús fyrir börn og ungt fólk. Nafnið er  
sammstöfun á franska heiti samtakanna sem er: Association Internationale du Théâtre pour l'Enfance  
et la Jeunesse. Hlutverk ASSITEJ á Íslandi er að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áhorfendur og  
styðja við listafólk sem starfar á þeim vettvangi. Samtökin beita sér fyrr samstarfi og þróun. ASSITEJ á  
Íslandi skipuleggur EGGLIÐ 2019 – röð viðburða fyrir fagfólk til að efla sviðslistir fyrir unga áhorfendur  
og UNGA 2020 – alþjóðlega sviðslistahátið ASSITEJ fyrir unga áhorfendur

### **SÍM**

Gildistími samnings      Upphæð samtals

Í samstarfssamningi RVK borgar við SÍM um rekstur Listamiðstöðvar á Korpúlfssstöðum kemur fram í  
1. gr. að miðstöðin skuli laða til sín gesti og standa fyrir viðburðum sem opnir eru almenningi, s.s.  
opin hús, námskeiðahald, þar sem jafnframt er leitast við að skapa vettvang fyrir listuppeldi barna.  
Þetta gerir SÍM t.a.m. með samstarfi við Myndlistarskólann í Reykjavík sem býður upp á námskeið  
fyrir börn í húsnæði Korpúlfssstaða.

### **Grafíska félagið**

Gildistími samnings      Upphæð samtals

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu, eru þó oft með fjölskylduvæna viðburði á hátíðum  
Reykjavíkurborgar.

### **Mengi**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 6.000.000 kr.

Í samningi er nefnt að eitt af markmiðum Mengis sé að standa fyrir viðburðum sem höfði til ólíkra  
aldurshópa.

## **Vigdísarstofnun**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 9.000.000 kr.

Fram kemur í 2. grein: Forsaga og framlag Stofnunar Vigdísar Finnubogadóttur: *Rík áhersla er lögð á að skipuleggja viðburði sem höfða til almennings, einkum barna og ungmenna.*

## **Myndhöggvarafélagið**

Gildistími samnings 2019 – 2020 Upphæð samtals 4.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu.

Borgarhátiðir:

## **RIFF:**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 30.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

## **Iceland Airwaves**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 42.000.000 kr. \*Hátiðin skipti um rekstraraðila 2018 eftir gjaldþrot

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

## **Hönnunarmars**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 30.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

## **Hinsegin dagar**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 21.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

Aðrar hátiðir:

## **Blúshátið**

Gildistími samnings 2018 – 2020 Upphæð samtals 6.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

## **Bókmenntahátið**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 12.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

## **Jazzhátið Reykjavíkur**

Gildistími samnings 2018 – 2020 Upphæð samtals 9.000.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

## **Kirkjulistahátið**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 4.500.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

## **List án landamæra**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 4.500.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

## **Myrkir mísíkdagar**

Gildistími samnings 2018 – 2020 Upphæð samtals 5.400.000 kr.

Eitt af markmiðum sem Myrkir mísíkdagar setja sér er að bjóða upp á fræðslustarf fyrir alla aldurshópa. Í samningi kemur því fram að „hátiðin leggur mikla áherslu á að laða að mismunandi

áhorfendahópa með fræðslu og örvun að leiðarljósi. En uppfraeðsla yngri kynslóðarinnar er lykilatriði í eflingu samtímatónlistar”.

#### **Reykjavík Midsummer Music**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 4.500.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

#### **Sequences**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 4.500.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

#### **Stockfish**

Gildistími samnings 2017 – 2019 Upphæð samtals 13.500.000 kr.

Engin ákvæði í samningi um barnamenningu

#### **Reykjavík Dance Festival**

Gildistími samnings 2018 – 2019 Upphæð samtals 8.000.000 kr.

Hluti af verkefnum RDF á samningstímanum er Unglingurinn í Reykjavík sem er hátíð tileinkuð fyrir, með og handa unglungum í borginni.

*þeir samstarfssamningar sem eftir eru, eru þriggja ára samningar við tónlistarhópana Caput, Nordic Affect, Kammermúskklúbbinn, Kammersveit Reykjavíkur, Mozarthópinn og Stórsveit Reykjavíkur, ekki eru ákvæði um barnamenningu í neinum þeirra.*

## **2. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir það barnastarf sem stendur til boða á menningarstofnunum borgarinnar.**

#### **Menningarstofnanir borgarinnar**

Allar menningarstofnanir borgarinnar bjóða upp á gríðarlega öflugt fræðslustarf og sækja uppundir 50.000 börn og ungmennum stofnanirnar ár hvert í skipulögðum heimsóknum. Allar stofnanirnar eru með frjóar fræðsludeildir sem vinna ötullega að því að gera heimsóknir barna bæði fræðandi og fullar af innblæstri. Söfn borgarinnar bjóða upp á fræðsluefni sem miðað er við ólíka aldurshópa og er það markmið safnanna að tryggja að öllum nemendum grunnskóla borgarinnar standi til boða að heimsækja hvert safn að minnsta kosti einu sinni. Til að tryggja jafnt aðgengi er MOF með „rútusjóð“ sem notaður er til að greiða ferðir nemenda til og frá söfnum borgarinnar. Þess utan eru Borgarbókasafn, Borgarsögusafn og Listasafn Reykjavíkur með reglulega viðburði sem sniðnir eru að börnum, ungmennum og fjölskyldum. Í boði eru bæði listsmeiðjur, stutt námskeið sem taka dagstund og lengri námskeið einkum yfir sumartímann. Gott tækifæri til að kynna sér frábært starf stofnana borgarinnar fyrir börn og ungenni er viðburðurinn **Innblástur – í skóla og frístundastarf 2019-2020** sem haldinn er að Kjarvalsstöðum 12. september frá kl. 13 – 16. Þar er vetrardagskrá menningarstofnana kynnt fyrir starfsfólk í leikskólam, grunnskólum og frístundamiðstöðvum. Vakin skal athygli á því að þó svo að allar stofnanir sem sinna á einhvern hátt menningu fyrir börn og ungt fólk er boðið að taka þátt í þessum viðburði, þá er frumkvæðið algjörlega borgarinnar og skipulag og framkvæmd er í höndum barnamenningarstarfsmanns MOF og SFS. Sami starfsmaður er einnig verkefnisstjóri stærsta barnamenningarverkefnis menningar- og ferðamálasviðs sem að sjálfsögðu er Barnamenningarhátíðin.

Til að betur gera sér grein fyrir magni almennra viðburða stofnananna fyrir börn og fjölskyldur er hér listi úr skorkorti stofnananna fyrir 2019.

**Árbæjarsafn:** Öskudagur, Safnanótt – dagskrá, Vetrarfrí – dagskrá, Barnamenningarhátið – dagskrá, 4 x sunnudagsdagskrá, Þjóðhátiðardagskrá, Jónsmessudagskrá, Ljósmyndanámskeið, 8 x sunnudagsviðburðir, Tálgunarnámskeið, Örnámskeið Heimilisfélagsins, Brúðubílinn, Vetrarfrí – dagskrá, 3 x jóladagskrá

**Landnámssýningin:** Safnanótt, Vetrarfrí – dagskrá, Barnamenningarhátið, Menningarnótt, Vetrarfrí – dagskrá

**Ljósmyndasafn:** Safnanótt, Vetrarfrí – dagskrá, Menningarnótt, Vetrarfrí – dagskrá, Airwaves

**Viðey:** Páskaeggjaleit, 2 x sunnudagsgöngur, Sumarsólstöðuganga, Barnadagurinn, 4 x sunnudagsgöngur, Friðarsúlutendrun, Jóladagskrá

**Sjóminjasafn:** Safnanótt, Vetrarfrí – dagskrá, Barnamenningarhátið, Hátíð hafsins, Menningarnótt, Vetrarfrí

**Borgarbókasafn:** Reglulegar fjölskyldustundir í Grófinni, Gerðubergi, Spönginni, Kringlunni, Sólheimum, helgarviðburðir í öllum söfnum, sögustundir á náttfötum, Heimsdagur barna á Vetrarhátið í Gerðubergi, Sólheimum, Spöngin og Kringlu, Safnanótt í Grófinni, Vetrarfrí – dagskrá, þetta vilja börnin sjá – farandsýning, Barnabókaverðlaun, Sögur ritsmiðja, Sögur leikritasmiðja, opið tilraunaverkstæði í Gerðubergi og Grófinni, Alþjóðlegi móðurmálsdagurinn, Heimsálfar, myndasögusýningar Barnamenningarhátið, myndasögusamkeppni, páskadagskrá, nemendasýning Borgarholtskóla í Spönginni, sumarsmiðjur, sumarbingó, sumarlestur, tilraunaverkstæði um helgar, Menningarnótt í Grófinnni, Evrópski tungumáladagurinn, dagskrá í Haustfrí, Bókaræman, jólaleikrit.

**Listasafn Reykjavíkur:** Vetrarfrí – sérdagskrá I, Safnanótt – smiðjur, Fjölskylduleiðsögn Kjarval, Fjölskylduganga um útilistaverk I, Stofan HHÚS, Bakpokaleiðsögn Kjarval, Bakpokaleiðsögn Erró, Barnamenningarhátið – sérdagskrá, Fjölskylduleiðsögn Eyborg, Sumarnámskeið, Fjölskylduganga um útilistaverk II, Hugmyndasmiðjan KJST, Ratleikur KJST, Börnin velja Kjarval, Menningarnótt – smiðjur, Fjölskylduleiðsögn Sólon Íslandus, Fjölskylduganga um útilistaverk III, Augnablik, ÁSM, Ratleikur ÁSM, Kvöldganga með fjölskyldum, Fjölskylduleiðsögn W. Morris, Friðarsúlan – smiðjur, Vetrarfrí - sérdagskrá II, Bakpokaleiðsögn Magnús Pálsson, Fjölskylduleiðsögn Ásmundur, Fjölskylduganga um útilistaverk IV, Jólín tala tungum – smiðja, Jólaborgin viðburður.

3. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir þá húsnæðisaðstöðu sem stendur skipuleggjendum barnamenningarstarfs til boða í borginni ásamt þeim styrkjum sem veittir eru til húsnæðis undir barnamenningartengda starfssemi.

Ekkert sérstakt húsnæði er fyrir skipuleggjendur barnamenningarstarfs og engir sérstakir styrkir veittir til húsnæðis undir barnamenningartengda starfsemi. Hinsvegar er menningarstarfi fyrir börn og ungmenni sinnt af mikilli kostgæfni af menningarstofnunum borgarinnar, auk þess sem stór hluti þeirra sem er með samstarfssamning við borgina að þjóna þessum mikilvæga hópi á afar margvíslegan hátt, eins og fram kemur hér á undan.

*Samantekt gerð af Sif Gunnarsdóttur*

*Reykjavík, 4. september 2019*